

**Nr. 002 / 16 Goðafoss*****Skipverji slasast við sjóbúnað***

IMO.nr. 9086796  
Smíðaður: Frederikshavn Danmark 1995, stál  
Stærð: 14.664 BT  
Mesta lengd: 165,60 m  
Breidd: 28,60 m Dýpt: 8,95 m  
Vél: MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995  
Fjöldi skipverja: 14

**Gögn:**  
Slysaskrá frá skipi  
Gögn RNSA



Goðafoss©Hilmar Snorrason

Málið afgreitt á fundi 3. júní 2016 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasoni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 8. desember 2015 var Goðafoss við bryggju í Þórshöfn, Færeyjum. Veður: SA 7 m/sek.

Þegar skipverji var að losa sjóbúning hrundi undan honum göngugrind stjórnborðs megin framan við 1 lúgu með þeim afleiðingum að hann féll niður. Hann náði að bera fyrir sig hendur og stöðva fallið.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn var að opna gámaskó á 1 lúgu í myrkri með þriggja hæða stöng í höndunum;
- að grindurnar eiga að vera festar niður en höfðu losnað upp í slæmu veðri daginn áður;
- að hann missti fótinn niður með grindinni og fékk skrámur og marbletti.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.